

Fundarnúmer:	568
Dagsetning:	10.11.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

568. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 10. nóvember 2008 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Dagskrá Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2008.
2. Fundargerðir Menningarráðs Norðurlands vestra frá 14/10 og 28/10 2008.
3. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 5/11 2008.
4. Bréf Óbyggðanefndar.
5. Samantekt Ágústs Jakobssonar um vinnu við hönnun viðbyggingar Grunnskóla Húnaþings vestra á Hvammstanga.
6. Málefni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

Afgreiðslur:

1. Fram lögð til kynningar dagskrá Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2008. Ráðstefnan verður haldin í Reykjavík 13. og 14. nóvember nk.
2. Til kynningar lagðar fram fundargerðir Menningarráðs Norðurlands vestra frá 14. og 28. október sl.
3. Fram lögð fundargerð stjórnar Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 5. nóvember sl. ásamt fjárhagsáætlun heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2009. Samþykkt að vísa fundargerðinni til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2009.
4. Fram lagt bréf Óbyggðanefndar þar sem greint er frá því að nefndin hafi samþykkt að landssvæði í Húnaþingi vestra verði tekin til umfjöllunar nefndarinnar á síðari hluta árs 2009. Sveitarstjóra falið að hafa samband við fulltrúa Húnavatnshrepps um undirbúning vegna fyrirhugaðrar kröfugerðar á landsvæði sveitarfélaganna.
5. Fram lögð samantekt Ágústs Jakobssonar, formanns starfshóps um vinnu við hönnun viðbyggingar Grunnskóla Húnaþings vestra á Hvammstanga. Samantektinni fylgja fundargerðir starfshópsins sem skipaður var á árinu 2007 og hönnunargögn. Byggðarráð þakkar starfshópnum fyrir vel unnin störf. Tillaga starfshópsins er að síðustu hönnunartillögu arkitekts ásamt framkomnum athugasemdum sé vísað til sveitarstjórnar til ákvörðunar um hvort vinna eigi að frekari útfærslum. Samþykkt að vísa samantektinni og tillögunum til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2009.
6. Málefni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Sveitarstjóri kynnti fyrirbyggjandi samning milli ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um viðbyggingu verknámshúss Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Samþykkt að vísa afgreiðslu samningsins til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Samþykkt að taka á dagskrá:

7. Forstöðumaður tæknideildar greindi byggðarráði frá tilboðum sem bárust í verkið „Girðing um gámavöll“ en tilboðin voru opnuð þann 6. október sl. Eftirfarandi tilboð bárust:
Bílagerði ehf. kr. 3.892.319-
Reynd að smíða ehf. Tilboð A kr. 4.121.440-
Reynd að smíða ehf. Tilboð B kr. 4.554.953-
Sverrir Sigurðsson kr. 6.203.204-
Steypustöðin Hvammstanga ehf. kr. 4.605.750-
Timburmenn ehf. kr. 3.990.000-

Byggðarráð samþykkir að ganga til viðræðna við Bílagerði ehf. um verkið á grundvelli tilboðs fyrirtækisins.

8. Byggðarráð samþykkir að breyta reglum um uppsetningu ljósastaura í dreifbýli á þann hátt að í stað lögbylis í fastri ábúð verði miðað við íbúðarhús með fastri búsetu.

9. Byggðarráð samþykkir að ráðast í framkvæmdir á húsnæði íbúða aldraðra í Nestúni 2-6, breytingar á sal efri hæðar og neyðarútgangi skv. teikningu Argó ehf. Framkvæmdakostnaði skal mætt með tilfærslu fjármuna milli liða í fjárhagsáætlun ársins 2008.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:05

Elín R. Líndal(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Heimir Ágústsson(sign.),

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).